Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

# Minnisblað – Kennslustundamagn

Móttakandi: Fræðslu- og tómstundanefnd
Varðandi: Grunnskóli Hornafjarðar
Unnið: Ragnhildur Jónsdóttir
Dags.: 15. júní 2019
Málefni: Minnisblað - kennslustundamagn

---

## Kennslustundamagn 2019 – 2020

### Grunnskóli Hornafjarðar

Fjöldi nemenda breytist úr 238 í 251 næsta skólaár og fjölgar bekkjardeildum um eina þar sem inn koma 33 nemendur í fyrsta bekk sem skipt verður í tvær bekkjardeildir en 20 nemendur í einni bekkjardeild útskrifuðust úr 10. bekk í maí s.l.

Fjöldi kennslustunda er áætlaður 691 kennslustund á viku og 750 klukkustundir í önnur störf auk stjórnunar. Við skólann munu starfa 33 kennarar í rúmlega 29 stöðugildum en inni í þeirri tölu er hlutastarf þroskaþjálfa og hlutastarf náms og starfsráðgjafa. Þrír stjórnendur og 20 almennir starfsmenn eru við skólann, ritarar, matráður, skólaliðar, stuðningsfulltrúar og starfsmenn í lengdri viðveru.

Fyrirsjáanlegar eru skipulagsbreytingar á starfsemi Kátakots sem kalla á aukinn fjölda starfsmanna en þær endurspeglast ekki í þessari áætlun þar sem skipulagið er í vinnslu.